

Fimmtudaginn 14. apríl 1994.

Nr. 25/1994.

Ákærvaldið(Björn Helgason saksóknari)
gegn**X**

(Örn Clausen hrl.)

Nauðgun. Tilraun. Sératkvæði. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson og Hjörtur Torfason og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Málinu var áfrýjað með stefnu 30. desember 1993 að ósk ákærða og einnig af hálfu ákærvalds til þyngingar á refsingu og greiðslu miskabóta, að fjárhæð 1.200.000 krónur, auk kostnaðar vegna lögmannsaðstoðar og vaxta. Ákærði krefst sýknu af öllum kröfum ákærvalds, þar á meðal bótakröfu.

I.

Í máli þessu er ákærði sakaður um að hafa þröngvað konunni Y, þá 28 ára að aldri, til holdlegs samræðis aðfaranótt föstudagsins 20. mars 1992. Á atburðurinn að hafa átt sér stað í kjallaraherbergi í húsi hans við Laugaveg í Reykjavík, sem er skammt frá dvalarstað hennar á þessum tíma. Ákærði og Y höfðu þá verið ein í herberginu nokkra stund. Þau þekktust ekki, en Y hafði nokkru áður komið í húsið til að taka þátt í gleðskap, sem þar fór fram á vegum ákærða. Ákærða og Y ber saman um aðdraganda þess, að þau urðu ein eftir í umræddu herbergi, og kveðst hvorugt þeirra hafa farið þangað með kynmök í huga. Þeim ber einnig saman um, að stutt hlé hafi orðið á samskiptum þeirra í kjallaraherberginu, er Y var orðin nakin og hugðist bregða sér á salerni. Að öðru leyti eru þau sammála um það eitt að hafa legið allsnakin á gólfi herbergisins, þegar barið var að dyrum og ákærði fór til dyra. Lauk samskiptum þeirra þá með því, að Y hljóp út úr húsinu eins og hún var á sig komin, og leitaði skjóls í húsi vinkonu sinnar, L, sem er örskammt frá.

II.

Það var laugardaginn 21. mars 1992, að Y kom á lögreglustöðina í Reykjavík og skýrði frá nauðgun, sem átti að hafa gerst aðfaranótt föstudagsins. Í lögregluskýrslu var skráð lýsing hennar á málavöxtum. Í lok skýrslunnar er bókað:

„Hún hafi ekki haft samband við lögreglu fyrr en nú þar sem hún hafi ætlað að hafa sjálf upp á þeim kærða en séð svo að það gengi ekki.“

Rannsóknarlögreglu ríkisins var þegar tilkynnt um málið, og tók rannsóknarlögregluþjónn við framhaldsrannsókn. Hann fór þegar á lögreglustöðina og hafði tal af kæranda. Í upplýsingaskýrslu hans, sem gerð var sama dag, er lýsing á málsatvikum. Í báðum skýrslum þessum er meginefni lýsingar kæranda á atburðinum á þessa leið: Að hún hafi farið niður í kjallara með húsráðanda og fleirum, og þar hafi þau skoðað hljóðupptökuherbergi, „músík-stúdíó“. Aðrir en þau tvö hafi yfirgefið herbergið, hann hafi læst hurðinni, veist að henni, klætt hana eða rifið hana úr öllum fötunum, lagt hana á hart steingólfíð, þvingað sundur læri hennar og komist inn í hana. Hann hafi ekki náð fullnægingu, þar sem bankað hafi verið á dyrnar. Hann hafi staðið á fætur og farið til dyra. Hún hafi þá hlaupið nakin út úr húsinu og til vinkonu sinnar. Í skýrslu rannsóknarlögreglumannsins segir:

„Y kvaðst síðan hafa farið heim til sín en þá hafi sambýlismaður sinn verið sofandi og hafi hún þá sjálf lagst til svefns.“

Í lok skýrslu þessarar er bókað:

„Framburður Y var mjög reikull enda kvaðst hún hafa verið mjög ölvuð er atburðurinn átti sér stað. Formlegri skýrslutöku hjá RLR var frestað til mánudagsins 23. 03. 92 að ósk Y.“

Í hvorugri skýrslunni er haft eftir kæranda að hún hafi hrópað á hjálp.

Mánudaginn 23. mars um kl. 15.30 hringdi Z, sambýlismaður kæranda, enskumælandi maður, til rannsóknarlögreglu og talaði við lögreglufulltrúa. Hann skýrði frá för sinni og kæranda að húsi ákærða þá fyrir stundu og nafni þess manns sem þau hafi þar hitt og kærán beinist að. Þá kom kærandi í símann og lýsti einnig för þessari. Er svo bókuð frásögn hennar:

... . . að þar hafi talast við sá sem hún kærði og kærasti hennar.

Kærastinn væri æstur vegna málsins og hún ætti í vissum vanda vegna þess. Var konunni bent á að hún hefði ekki enn lagt fram formlega kæru og áhersla lögð á það við hana, að hún hefði samband á ný til að ákveða tíma, svo taka mætti af henni formlega skýrslu um málavexti, og draga ekki þá ákvörðun fram yfir næstkomandi árdegi. Sagðist hún hafa samband og virtist átta sig á stöðu málsins“.

Ekkert gerðist þá frekar í máli þessu, og bókaði lögreglufulltrúinn um rannsóknarlok mánudaginn 6. apríl kl. 9.27:

„Í máli þessu hafa borist vottorð dr. Arnars Haukssonar og niðurstaða rannsóknar á sýnum frá prófessor Gunnlaugi Geirssyni, með þeirri niðurstöðu, að engar sæðisfrumur hafi greinst í skoðuðum 4 sýnum.

Konan, Y, hefur ekki lagt fram kæru í máli þessu. Henni er ljós staða málsins í dag og að ekki verði á því framhald eins og gögnin liggja fyrir.“

Af sóknargögnum málsins verður ráðið, að kærandi hafi leitað til lögmanns, sem hafi veitt henni ráðgjöf og leiðbeiningar mánudaginn 30. mars og aftur mánudaginn 6. apríl kl. 13.30.

Mánudaginn 13. apríl kom kærandi til rannsóknarlögreglu kl. 13.36 í fylgd starfsmanns Stígamóta, er var viðstaddur yfirheyrslu. Nú gaf kærandi þá formlegu skýrslu, sem beðið hafði verið eftir, kærði ákærða formlega fyrir nauðgun og áskildi sér rétt til að koma að skaðabótakröfu á síðari stigum málsins. Kærandi lýsti nú atburðinum nánar. Hún kvaðst muna, að hún hefði orðið ofsahrædd þegar maðurinn réðst á hana, en hún hefði tvisvar áður orðið fyrir því, að sér væri nauðgað. Hún hafi barist á móti, en maðurinn hafi lagt hana á gólfið, sem hafi verið mjög hart. Hún hafi reynt, eins og hún gat, að verjast því, að hann kæmi fram vilja sínum, en hann hafi borið sig ofurliði. Meðan á samförunum stóð, hafi maðurinn margreynt að fá hana til að horfast í augu við sig, en því hafi hún neitað. Svo segir í skýrslunni:

„Ég man eftir því að ég hrópaði hástöfum á hjálp meðan maðurinn var á mér og var þá skyndilega bankað á dyrnar. Maðurinn rauk á fætur og opnaði og notaði ég þá tækifærið og hljóp út. Klæðlaus hljóp ég heim til mín að . . . þar sem ég bankaði en unnusti minn hefur líklega verið sofandi. Þar tók ég þá ákvörðun að leita heim til

vinkonu minnar sem heitir L . . . og á heima á . . . Þessa leið hljóp ég klæðlaus og man ég ekki eftir því að verða vör annarra vegfarenda.

Þegar ég hljópst á brott út úr herberginu hjá manningnum þá gerði ég mér ekki grein fyrir því hver það var er hafði bankað, en það hefur líklega verið viku síðar sem ég kom á veitingastaðinn Laugavegi 22 og hitti R, að hann sagði við mig „Hvað segir allsbera stelpa sem hljóp út úr húsinu?“ Ég spurði þá R að því hvort það hefði verið hann er hefði bankað á dyrnar og svaraði hann því játandi.“

Í þessari skýrslu kæranda hjá rannsóknarlögreglu 13. apríl kom því fram í fyrsta sinn að hún hafi hrópað hástöfum á hjálp og þá hafi skyndilega verið bankað á dyrnar. Ekki hafði heldur áður komið fram að hún hafi hitt vitnið R „viku síðar“, þ.e. föstudaginn 27. eða laugardaginn 28. mars, og þau hafi rætt um atburð þennan. Rannsókninni var nú haldið áfram og lauk 7. maí með lokaskýrslu kæranda.

III.

Vitnið L gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu 15. apríl. Aðspurt um ástand kæranda, er hún knúði dyra á heimili hennar umrædda nótt, svaraði vitnið: „Það hefur sjálfsagt verið einhver áfengislykt af henni, en mér fannst ég finna af henni hasskeim.“ Vitnið kveður Y hafa fengið að hringja til unnusta síns og farið skömmu síðar. Fyrir héraðsdómi 2. nóvember 1993 bar vitnið, að sambýlismaður kæranda hefði komið eftir um það bil klukkustund og þau fljótlega farið heim. Dró vitnið þar til baka, að sér hefði fundist hasslykt af Y.

Y hefur ekki hvikað frá þeirri staðhæfingu, að hún hafi gist hjá L um nóttina og verið á heimili hennar fram yfir hádegi á föstudeginum, þannig að framburði hennar og vitnisins L ber ekki saman um heimför Y og þátt sambýlismanns hennar þar að lútandi.

Vitnið R, sem kærandi hafði nefnt í skýrslu sinni hjá rannsóknarlögreglu 13. apríl, þegar hún kærði ákærða formlega fyrir nauðgun, gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu 14. apríl. Við það tækifæri bar vitnið, að það hefði ásamt F verið við drykkju heima hjá vitninu að Laugavegi . . . Þeir hefðu síðan farið út og lagt leið sína niður Laugaveg. Á göngu sinni hefðu þeir heyrt mikil hróp í konu. Þeir hefðu gengið yfir götuna og að húsinu sem hljóðin komu frá. Vitnið

hefði gengið upp tröppur hússins og barið fast að dyrum. Skyndilega hefðu dyrnar opnast og út hlaupið nakin stúlka, sem hvarf út í nóttina og snjóinn niður Laugavegin. Á eftir stúlkunni hefði komið nakinn maður í dyrnar. Vitnið tók fram, að það minntist þess ekki að hafa hitt þessa stúlku eftir þetta, en það hefði þó kannast við hana, er hún hljóp fram hjá, og haldið, að þau hefðu einhverju sinni verið saman í áfengismedferð. Vitnið tók og fram, að maðinn í dyrunum hefði það ekki þekkt og ekki séð áður.

Vitnið F gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu 7. maí og bar mjög á sama veg og *R*, en kvaðst aðspurt ekki þekkja stúlkuna neitt.

Vitnið R kom fyrir dóm 2. nóvember 1993 og bar þá, að það hefði á þessum tíma búið að Laugavegi Hefði það verið statt heima hjá sér umrædda nótt ásamt *F* og þeir setið við kaffidrykkju. Þá hefði vitnið heyrt inn í íbúð sína öskur í manneskju, sem hrópaði á hjálp. Þeir hefðu báðir farið út, gengið á hljóðið og að húsi við Laugaveg. Vitnið bar á sama veg og áður um hvað gerðist við úti-dyrnar. Þegar vitninu var bent á ósamræmið í frásögn þess um, hvar það hefði verið statt, er hljóðin heyrðust, ítrekaði vitnið, að það hefði verið statt að Laugavegi Vitnið ítrekaði einnig og kvaðst þess fullvisst, að stúlkan hefði hlaupið út um aðaldyr hússins. Þá greindi vitnið frá því, að verið gæti, að þeir félagar hefðu komið í þetta hús fyrr um nóttina. Í lok framburðarins fyrir dómi fór vitnið yfir skýrslu sína hjá rannsóknarlögreglu frá 14. apríl 1992. Staðfesti það skýrsluna rétta og „því sé það réttara sem í skýrslunni segir, en það sem hann hefur sagt hér fyrir dómi varðandi hvar þeir *F* hafi verið staddir þegar þeir heyrðu hrópin. Hann vilji þó taka fram að þeir hafi verið nýfarnir út úr húsinu þegar þeir heyrðu þessi hróp“.

Vitnið F kom einnig fyrir dóm og bar þá, að það myndi ekki, hvort þeir félagar hefðu verið staddir heima hjá *R* eða úti á Laugavegi, þegar þeir heyrðu í stúlkunni. Hefði hljóðið komið frá húsi hinum megin við götuna, nokkurn veginn beint á móti húsi því, sem *R* bjó í. Meðan á orðaskiptunum við maðinn í dyrunum stóð hefði nakin stúlka skotist út um dyrnar og hlaupið út á Laugaveg. Nánar aðspurt út um hvaða dyr stúlkan kom, svaraði vitnið, að það hefði aldrei séð nema baksvip hennar og hún hafi örugglega ekki komið út um dyrnar, sem þeir börðu á. Þá greindi vitnið frá því, að það hefði komið á efstu hæð hússins ásamt *R* fyrr um nóttina.

Ákærði var fyrst yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglu 14. apríl. Hann bar, að þau Y hefðu verið trufluð, þar sem þau lágu nakin á gólfinu og voru að láta vel hvort að öðru, þegar barið var á aðaldyr hússins. Í skýrslu sinni neitaði ákærði því, að konan hefði hrópað á hjálp. Fyrir dómi bar ákærði á sama veg um þetta.

IV.

Af því, sem rakið hefur verið úr framburði, verður að telja í ljós leitt, að félagarnir R og F hafi barið á aðaldyr hússins, ákærði hafi farið upp á hæðina og opnað dyrnar, en kærandi hafi þá farið út um kjallaradyrnar. Til þess að komast heim til sín að . . . sem er bak-hús, þurfti kærandi aðeins að hlaupa beint yfir götuna og meðfram austurgafli hússins nr. . . . og til vinstri að baki húsanna, sem standa við Laugaveginn. Hún gat einnig farið um undirgöng milli húsa nr. . . . Kærandi hefur ýmist borið, að hún hafi farið beint heim til L eða fyrst farið heim til sín og knúið dyra og síðan til L. Bakhlið húss L snýr að húsi kæranda, og er eitt hús í milli, og hefur kærandi getað farið þar yfir girðingar, en ekkert er vitað, hvaða leið hún fór.

Kærandi og sambýlismaður hennar, Z, höfðu rifist heiftarlega kvöldið áður, og hafði hún eftir það farið og sest að drykkju í veitingahúsi við Laugaveg. Hún slóst síðan í för hóps fólks á leið í gleðskap í hús ákærða, þar sem hún lék á gítar og söng. Í gleðskap þennan komu vitnin R og F, en það kom ekki fram í framburði þeirra, er þeir greindu frá því, að þeir hefðu heyrt hljóð frá konu koma „úr húsi“ við Laugaveg.

Húsið Laugavegur . . . er að baki húsa við þá götu austan Vita-stígs í u.þ.b. 140 metra fjarlægð frá húsi ákærða. Húsið að Laugavegi . . . er vestur undir Vatnsstíg. Mjög ólíklegt verður að teljast, að óp hafi heyrst frá kjallaraherberginu sunnan megin í húsi ákærða að húsum þessum, en sambyggt hús er við austurgafli á húsi ákærða. Hafi kærandi í raun hrópað, eins og hún kveðst hafa gert, og vitnin tvö heyrt ópin, þá er líklegt, að íbúar í nærliggjandi húsum hefðu heyrt hrópin einnig. Þetta var ekki kannað.

V.

Framburður Y er reikull, og í honum gætir ósamræmis um margt, sem máli skiptir. Þá stangast ýmislegt í frásögn hennar á við fram-

burð vitna. Framburður hennar um vitneskju sína um nafn ákærða er á reiki. Hún vissi ekki, hvað hann hét, þegar hún skýrði frá nauðgun laugardaginn 21. mars. Mánudaginn 23. mars hringdi sambýlismaður hennar til rannsóknarlögreglu og skýrði frá för þeirra að húsi ákærða þá rétt áður og að þau hefðu hitt ákærða, og var fullt nafn hans tilkynnt í símtali þessu, sem kærandi tók einnig þátt í. Í skýrslu sinni mánudaginn 13. apríl sagði kærandi hins vegar frá því, að hún hefði hitt vitnið R á veitingastað viku eftir atburðinn. Hún hefði þá spurt R um manninn og „hvort hann hétí X“, en R hafi neitað að svara. Segist kærandi þá hafa aflað sér upplýsinga um nafn mannsins hjá vitninu S.

Y viðurkenndi fyrir dómi, að ekkert hefði séð á fatnaði sínum, er hún fékk hann afhentan, en samkvæmt frásögn hennar átti ákærði að hafa rifið hana úr öllum fötum, er hún streittist á móti, þar á meðal sokkabuxum, brjóstahaldara og nærbuxum.

Helstu áverkar á líkama Y voru samkvæmt læknisvottorði bólga á hægri gagnauga og mar á vinstra kjálkabarði líkt og eftir fast tak fingurs, en að auki bar hún marga marbletti. Fyrir dómi kvaðst hún ekki minnst áverka á andliti. Læknisskoðun á Y fór ekki fram fyrr en á laugardagskvöldi. Rýrir sá dráttur óhjávæmilega gildi hennar í málinu.

Framburður vitnanna R og F er nokkuð á reiki um það, hvar þeir voru staddir, er þeir heyrðu neyðaróp konu, svo og um atburðarásina, eftir að þeir höfðu knúið dyra á húsi ákærða.

Ákærði hefur staðfastlega haldið því fram, að hann hafi í engu beitt Y valdi umrædda nótt, og synjað fyrir, að hún hafi hrópað á hjálp. Ósannað er, að hann hafi borið merki áverka af völdum Y.

Lögreglurannsókn í máli þessu var um sumt áfátt. Rannsókn á vettvangi fór ekki fram fyrr en 15. apríl, og alveg fórst fyrir að yfirheyra íbúa í nágrenni húss ákærða, en til þess var brýnt tilefni vegna framburðar Y og vitna um hróp hennar og andstæðrar fullyrðingar ákærða í því efni. Þá fórst fyrir, að tekin væri skýrsla af sambýlismanni kæranda.

IV.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, verður að telja verulegan vafa leika á um helstu þætti máls þessa. Einkum þykir frásögn vitn-

anna tveggja um neyðaróp frá Y hafa á sér ólíkindablæ. Þá er til þess að líta, að vitnin voru, eins og áður sagði, í gleðskap í húsi ákærða fyrr um nóttina og hafa getað talið sig eiga þangað erindi aftur og því knúð dyra. Sú staðreynd, að kærandi hljóp allsnakin úr húsi ákærða, eftir að hafa heyrt barið að dyrum, og til L, vinkonu sinnar, um kl. 4.30 um nóttina er ekki út af fyrir sig nægileg vísbending um, að ákærði hafi beitt hana ofbeldi.

Pegar allt framanskráð er virt, þykir varhugavert að telja sannað, gegn eindreginni neitun ákærða frá upphafi rannsóknar málsins, að hann hafi gerst sekur um þann verknað, sem honum er gefinn að sök í ákæru, sbr. 46. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Ber því að sýkna ákærða af refsikröfu ákæruvaldsins. Með þeirri niðurstöðu verður bótakröfu kæranda vísað frá dómi, sbr. 3. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 180.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, X, skal vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Skaðabótakröfu Y er vísað frá dómi.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, samtals 180.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i Hrafns Bragasonar

I.

Atburður sá, sem varð tilefni máls þessa, gerðist aðfaranótt 20. mars 1992. Kærandi leitaði ekki til lögreglu vegna hans fyrr en kl. 16.20 21. mars s.á. Var þann dag rætt við hana fyrst af hálfu lögreglunnar í Reykjavík, en síðan af hálfu Rannsóknarlögreglu ríkis-

ins. Var hún þá í fylgd sambýlismanns síns, en hann virðist hafa haft af því nokkurn atbeina, að leitað var til lögreglu. Var kærandi síðan færð til læknisskoðunar. Rannsóknarlögreglumaður hafði tal af henni 23. mars s.á. og lagði þá á það áherslu við kæranda, að hún hefði ekki lagt fram formlega kæru og mætti ekki láta það dragast lengur en til árdegis næsta dag, svo að taka mætti af henni formlega skýrslu. Lögreglumaðurinn bókar rannsóknarlok 6. apríl s.á. Þá lágu fyrir vottorð lækna. Formleg skýrsla var síðan ekki tekin af kæranda fyrr en 13. apríl s.á. Hafði hún þá leitað sér ráðgjafar lögmanns og hjá félaginu Stígamótum. Í þeirri yfirheyrslu sagði hún fyrst, að hún hefði hrópað á hjálp. Skýrsla af ákærða var þá fyrst tekin og vettvangur rannsakaður. Í framhaldi af því koma fram vitnin R og F og skýra frá því, er þeir börðu að dyrum hjá ákærða aðfaranótt 20. mars 1992 og hvernig hann lauk upp fyrir þeim. Þeir höfðu verið þar fyrir um nóttina í boði hans ásamt fleira fólki.

II.

Fram er komið, að kærandi dró að kæra umræddan atburð. Ekki nýtur skýrslna um, hvað á daga hennar dreif frá atburðinum og til þess er hún leitar til lögreglu. Sönnunargildi læknisfræðilegra gagna verður af þessum sökum takmarkað, og geta þau ekki skorið úr um mál þetta. Klæðnaður kæranda benti ekki til, að henni hefði verið misboðið, og vettvangsrannsókn ekki heldur, enda þýðingarlítil um þremur vikum eftir atburðinn. Sakfelling yrði þannig eingöngu að byggjast á framburði kæranda og annarra vitna. Frásagnir kæranda voru í upphafi reikular, eins og getur í lögregluskýrslu. Í atkvæði dómara Garðars Gíslasonar og Gunnars M. Guðmundssonar er rakið, hvernig vitnið R og að hluta vitnið F hafa reynst óstöðug í skýrslum sínum og framburði um atriði, sem máli skipta. Ákærði hefur aftur á móti reynst stöðugur í skýrslum og framburði sínum, og hefur hann staðfastlega neitað öllum sakargiftum. Í máli þessu nýtur þannig ekki sakargagna, sem áfellisdomur verður á byggður, sbr. 46. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, og ber að sýkna ákærða samkvæmt 45. gr. sömu laga.

Af framanskráðu leiðir, að ég er samþykkuur niðurstöðu dómara Garðars Gíslasonar og Gunnars M. Guðmundssonar í máli þessu.

S é r a t k v æ ð i
Hjartar Torfasonar og
Guðmundar Jónssonar

Ákærði hefur frá upphafi staðhæft, að ekki hafi komið til samfara milli hans og konunnar, heldur aðeins atlota, og kveður hann þau hafa átt sér stað með samþykki hennar. Föt konunnar báru þess ekki vott, að hún hefði verið færð úr þeim með ofbeldi. Á hinn bóginn bar hún áverka víða um líkamann, sem bent gátu til átaka nokkru áður, þegar hún gekkst undir lækni skoðun tæpum tveimur sólarhringum eftir atburðinn. Auk þessa liggur fyrir sú frásögn vitnanna R og F, að þeir hafi heyrt neyðaróp frá húsi ákærða og kvatt þar dyra þeirra vegna. Verður að fallast á það með héraðsdómara, að ekki sé unnt að hafna þessu meginatriði í framburði þeirra, þótt þeir séu ósamhljóða að ýmsu leyti. Loks hefur vitnið L greint skilmerkilega frá því, að konan hafi verið mjög miður sín, er hún leitaði til hennar, og reynt að skýra frá því, að hún hafi lent í átökum til að verjast nauðgun.

Í ljósi þessa verður að telja nægilega sannað, að til þess hafi komið í samskiptum ákærða og konunnar, að hann hafi beitt hana líkamlegri þvingun í því skyni að knýja hana til samfara. Eins og upplýsingum í málinu og sönnunaraðstöðu er háttáð, er þó varhugavert að fullyrða gegn eindreginni neitun ákærða, að atferli hans hafi náð svo langt, að eiginlegar samfarir hafi átt sér stað. Samkvæmt því ber að meta háttsemi ákærða sem tilraun til nauðgunar, er varði við 194. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1994.

Refsingu ákærða teljum við hæfilega ákveðna fangelsi 10 mánuði, en hann hefur ekki áður orðið sekur um brot gegn almennum hegningarlögum. Miskabætur til konunnar séu hæfilegar 250.000 krónur, en kostnaður vegna lögmannaástoðar 30.000 krónur. Beri ákærða að greiða henni þessar fjárhæðir með sömu vöxtum og á var kveðið í héraðsdómi. Hann greiði einnig sakarkostnað í héraði og áfrýjunarkostnað.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 15. nóvember 1993.

Ár 1993, mánudaginn 15. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni,

settum héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 533/1993: Ákærvaldið gegn X, sem tekið var til dóms 3. nóvember sl.

Málið er höfðað með ákærskjali ríkissaksóknara, dagsettu 24. september 1993, á hendur X, Laugavegi 52, Reykjavík, „fyrir nauðgun með því að hafa aðfaranótt föstudagsins 20. mars 1992 á heimili sínu ráðist á Y, fædda [...] 1963, og með ofbeldi þröngvað henni til holdlegs samræðis.

Telst þetta varða við 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Þá gerir Y kröfu til miskabóta úr hendi ákærða, að fjárhæð 1.200.000 krónur, og kostnaðar vegna lögmannsaðstoðar, að fjárhæð 95.778 krónur, auk vaxta.

Málavextir.

Laugardaginn 21. mars 1992 kl. 16.20 kom Y, fædd [...] 1963, á lögreglustöðina í Reykjavík þeirra erinda að kæra nauðgun. Kvað hún mann um þrúgt, sem hún þekkti engin deili á, hafa nauðgað sér í kjallaraherbergi í húsi við Laugaveg aðfaranótt föstudagsins 20. sama mánaðar. Hefði sér tekist að flýja klæðlausri úr húsinu og leitað ásjár í húsi við Hverfisgötu.

Kærandi hefur skýrt svo frá að fimmtudagskvöldið 19. s.m. hafi hún farið á veitingahús við Laugaveg og neytt þar áfengis. Milli miðnættis og 01 hafi hún yfirgefið staðinn og gengið áleiðis heim til sín að Laugavegi 49a, en á leiðinni þangað hafi hún hitt Z, þáverandi sambýlismann sinn. Hafi þeim orðið sundurorða, orðið æst og rifist. Er þau voru komin að húsinu, hefði hún snúið við, Z hafi farið inn í húsið, en hún farið aftur út á Laugaveg. Þar hafi hún hitt fólk, sem hún farið með í hús við Laugaveg, skammt þar frá. Þar hafi verið fólk að skemmta sér og áfengi haft um hönd. Hafi hún gengið inn í húsið upp tröppur og því næst upp stiga upp á aðra hæð. Engin hús-gögn hafi verið á hæðinni að undanskildum nokkrum stólum sem fólk hafi setið á, en auk þess hafi fólk setið á gólfinu. Hafi hún sest á stól, rætt við fólkið og farið að syngja ásamt því. Er hún var búin að vera þarna a.m.k. klukkustund, hafi hún ásamt manni að nafni S og ákærða farið niður í kjallarann og þar inn í herbergi. Hafi þeir ákærði og S farið að ræða saman, en hún að skoða það sem við hafi blasað í herberginu. Í því hafi verið tveir eða þrír hljóðgervlar og e.t.v. nokkrir stólar. Hafi hún skoðað þessi tæki ásamt tvímenningunum. Eftir á að giska hálfa klukkustund hafi S farið út úr herberginu. Hafi þau ákærði farið að ræða saman og einkum hafi hún spurt ákærða út í hljóðfærin, enda haft áhuga á þeim. U.þ.b. 15 mínútum eftir að S fór úr herberginu hafi ákærði, án nokkurs fyrirvara, þrifið í peysu hennar,

við bringspalir, snúið upp á peysuna og kippt sér úr henni. Hún hafi reynt að streitast á móti og verið á fleygiferð um herbergið bæði á gólfinu og upp að veggjum. Hafi ákærða tekist að afklæða hana, en auk peysunnar hafi hún verið í gallabuxum, sokkabuxum, uppreimuðum skóm, brjóstahaldara og nærbuxum. Kvaðst hún muna, að ofsaleg læti hefði verið í herberginu. Ákærða hafi tekist að afklæða hana á skömmum tíma, en hún streist á móti eins og hún gat á meðan á því stóð. Taldi kærandi að eftir að ákærði var búinn að afklæða hana hefði hann afklæðst sjálfur. Á þessu tímamarki myndi hún ekki glögglega hvað gerðist. Lætin hafi byrjað, þegar ákærði þreif hana úr peysunni og öðrum fötum og hún stóð þarna nakin á gólfinu. Eftir að hún var orðin nakin, hefði komið rólegri kafli, en hún myndi, að þá hefði hún spurt ákærða hvort hún mætti fara á salernið. Hafi hún spurt þessa í þeim tilgangi einum að komast út úr húsinu. Kvaðst hún ekki hafa þorað að spyrja, hvort hún mætti fara, því að hún hefði vitað, að það myndi hann ekki heimila henni. Hefði hann bent sér á að salernið væri frammi á ganginum. Minnti sig, að herbergið hefði verið lokað, en áleit, að það hefði verið ólæst. Kvaðst hún hafa opnað dyrnar og leitað strax útgönguleiðar, en þá hefði ákærði komið á eftir sér og sagt sem svo: „Þú ferð ekki neitt.“ Hefði hann verið mjög reiður og höstugur. Hann hafi tekið sig í bóndabeygju, haldið sér fastri og gengið með sig þannig inn í herbergið. Hafi hún grátbeðið ákærða að gera sér ekkert, en hann hafi skellt sér á gólfið. Hafi hún streist á móti og reynt að halda saman lærunum með höndunum, en án árangurs, enda ákærði sterkari. Hafi hann spennst sundur fætur hennar og tekist að stýra getnaðarlim sínum inn í leggöng hennar og hafið samfarahreypingar. Hafi hún legið á gólfinu undir ákærða og myndi að hún hafði snúið höfðinu til vinstri og hrópað upp yfir sig háum rómi. Hafi hún streist á móti eins og hún gat, en árangurslaust. Ætti hún ekki önnur orð til að lýsa atgangi ákærða en að hann hafi verið „dýróður“, meðan hann hafði samfarirnar við hana. Taldi hún ákærða hafa verið með getnaðarliminn í leggöngum hennar dágóðan tíma og áleit að nærri léti að það hafi verið 5–10 mínútur. Allan þann tíma hafi hún legið á bakinu og ákærði milli fóta hennar. Kvaðst hún muna, að meðan á þessu stóð, hefði hún hrópað án afláts á hjálp. Meðan á þessum hrópum hennar og köllum stóð, hefði verið barið kröftuglega á útidyr í húsinu. Hafi ákærða þá brugðið, hlustað eftir bankinu og í framhaldi af því staðið upp og hún jafnframt og þau farið út úr herberginu og hlaupið að útidyrarhurðinni. Taldi hún þau hafa komið nokkurn veginn jafnt að kjallaradyrum hússins, sem séu í beinni sjónlínu frá dyrum framangreinds herbergis. Kvaðst hún halda að ákærði hafi opnað dyrnar, en hún hafi hlaupið allsnakin út um þær og sem leið lá að heimili sínu og

knúíð þar dyra, en þar sem enginn svaraði hefði hún ákveðið að leita ásjár hjá L, vinkonu sinni, að Hverfisgötu ... Vitnið kvaðst hafa greint, um leið og hún hljóp út um dyrnar, að þar hafi staðið maður eða menn, en hún hafi haldið för sinni áfram án þess að virða þá fyrir sér. Minnti vitnið, að er út var komið hefði hún þurft að fara upp kjallaratröppur, og þegar hún hljóp áfram, hefði orðið á vegi hennar hlið sem verið hafi opið. Hún hafi knúíð dyra hjá L og fengið að gista hjá henni það sem eftir lifði nætur. Taldi hún sig hafa verið á heimili hennar fram yfir hádegi á föstudeginum.

Vitnið kvað ákærða ekki hafi sýnt sér kynferðislegan áhuga fyrr um nóttina. Andlegu ástandi sínu gæti hún lýst þannig að hún hafi verið mjög skelfd og einhvern veginn í „transi“ og óttaslegin. Er hún var spurð hvort ákærði hefði lokað dyrnum, eftir að hann hafði borið hana inn í herbergið, bar vitnið að hann hefði skellt sér beint á gólfið, og því teldi hún, að dyrnar hafi ekki verið lokaðar. Ákærði hafi ekki reynt að fá sig til að taka þátt í samförunum með vilja; hann hafi hreinlega hjakkað á sér allt þar til yfir lauk. Hún minntist þess, að ákærði hefði margskipað sér að horfast í augu við sig. Þá teldi hún, að ákærða hafi ekki orðið sáðfall, en gæti þó ekki útilokað það. Þá hafi hún ekki orðið vör við að ákærði hafi reynt að stöðva för hennar út úr húsinu. Andlegt ástand sitt, þegar hún hljóp út úr húsinu, hafi verið þannig að hún hafi verið ofsahrædd og er hún kom til L hafi hún verið öll skjálfandi. Hún hafi fundið til áfengisáhrifa þessa nótt og lýsti þeim þannig að þau hafi verið í meðallagi. Þá héldi hún að ákærði hafi verið undir áfengisáhrifum. Hún hafi borið áverka eftir samskipti sín við ákærða, en sig ræki ekki minni til að hafa veitt ákærða áverka, meðan á samförunum stóð. Hafi hún ekki þorað að veita ákærða áverka af ótta við, að hann myndi drepa sig. Er hún var spurð hvort hún gæti gefið skýringu á því hvers vegna hún hefði ekki farið til lögreglu þegar í stað eftir atburðinn, kvað hún sig hafa verið hrædda. Sama skýring væri á því hvers vegna hún hefði ekki sett fram formlega kærú á hendur ákærða fyrr en raun bar vitni. Atburður þessi hafi haft slæm áhrif á sig. Sé hún nú hrædd við að ganga einsömul á götum úti og skipti þá ekki máli á hvaða tíma sólarhrings það sé. Ef hún mæti fólki, einkum karlmönnum, fái hún hræðslutlíffinningu og fari í vörn gagnvart þeim. Þá hafi hún orðið bældari, en ekki leitað aðstoðar sálfræðinga eða geðlækna vegna þessa. Er hún fékk afhentan fatnað þann sem hún klæddist umrætt kvöld hafi ekkert verið athugavert við hann. Hún hafi hins vegar ekki notað fatnaðinn eftir þetta, ekki haft löngun til þess.

Vitnið kvað það rétt, að hún og Z hefðu farið að umræddu húsi. Taldi hún það hafa verið 2–3 dögum síðar, og væri hún viss um, að þau hefðu farið þangað áður en hún fór til lögreglu. Z hafi knúíð dyra og ákærði komið

til dyra, en sjálf hafi hún staðið úti á gangstétt meðan þeir ræddu saman. Vitnið kvaðst ekki hafa heyrt hvað mönnunum fór á milli, en Z hafi sjáanlega verið reiður.

Er hún var spurð, hvort hún væri viss um, að hún hefði hlaupið út um sömu dyr og barið var á, kvað hún svo vera, og hafi menn verið þar utan dyra. Vitnið kvaðst lítið hafa sagt L frá hvað gerst hafði þegar hún kom til hennar um nóttina, enda verið í miklu uppnámi. Fljótlega hafi hún þó farið að sofa, en greint henni frá atburðum áður en hún fór frá henni eftir hádegisdag á föstudeginum.

Vitnið vann eð að framburði sínum.

Ákærði hefur í meginatriðum skýrt svo frá að fimmtudagskvöldið 19. mars 1992 hafi hann farið á veitingahús við Laugaveg og verið þar fram undir lokun, kl. 01. Með sér hafi farið þaðan heim til sín tveir menn, M og J, en fleira fólk slæðst með. Telur ákærði, að samtals hafi um 10 manns verið heima hjá sér þegar flest var. Auk þessara tveggja kvaðst ákærði hafa þekkt þarna S, en annað fólk hafi hann ekki kannast við. Áfengi hafi verið haft um hönd og hafi fólkíð haldið sig á efri hæð hússins. Ákærði kvaðst muna eftir Y þarna. Hafi hún spilað á gítar og sungið. Eftir u.þ.b. hálf tíma hafi hann farið niður í kjallara ásamt S og M til að sýna þeim tónlistarstúdíó í herbergi á suðausturhorni hans. Y hafi haft áhuga á að koma með, svo að þau hafi farið fjögur niður í herbergið. Eftir u.þ.b. 15 mínútur hafi S og M farið, og taldi ákærði, að þeir hefðu farið úr samkvæminu. Taldi ákærði, að 5–6 manns hefðu verið eftir uppi á annarri hæð hússins, þegar þau fjögur fóru niður í kjallarann. Þau Y hafi setið á gólfinu í herberginu um hríð og hlustað á tónlist og undir tónlistinni hafi þau farið að láta vel hvort að öðru með kossum, strokum og faðmlögum. Kvað ákærði Y hafa átt upptökin að þessum atlotum með því að leita á sig kynferðislega, og hafi hún vakið kynferðislegan áhuga hjá sér. Hafi hann skilið þetta þannig, að hún hafi haft kynferðislegan áhuga á sér. Hann hafi hjálpað Y að fara úr fötunum og hún sér. Hafi hún verið í hnepptri ullarpeysu, brjóstahaldara, gallabuxum með rennilásnum neðst á utanverðum skálmum, sokkabuxum, nærbuxum og hálfuppreimuðum skóm. Eftir u.þ.b. 10–15 mínútna atlot á gólfinu hafi Y sagst þurfa að fara á salernið og beðið sig að sýna sér hvar það væri. Hafi hann bent henni á hvar það væri, en beðið inni í herberginu á meðan. Hafi hún komið aftur að vörmu spori og eftir það hafi atlot þeirra haldið áfram enn um hríð með sama hætti sem fyrr. Hafi hann strokið henni um bakið og brjóstin, en minnst þess ekki að hafa strokið henni um aðra líkamshluta, en hann hafi aldrei í þessum atlotum snert kynfæri hennar. Meðan á atlotum þeirra stóð hafi verið barið á útidyrarhurð að aðalinngangi hússins og

hafi hann þegar farið að sinna því. Dyr herbergsins hafi verið opnar og því hafi hann heyrt vel þegar barið var. Hafi hann farið klæðlaus til dyra og opnað. Úti hafi staðið tveir menn og nánast um leið og hann opnaði dyrnar hafi mennirnir snúið sér við og annar þeirra sagt: „Þarna hleypur nakinn kvenmaður.“ Í framhaldi af því hafi hinn maðurinn sagt: „Best að lumbra á honum þessum.“ Hafi hann orðið hræddur við mennina og reynt að loka dyrunum, en jafnframt hóttað þeim að hringja til lögreglunnar. Við það hafi þeir farið og hann getað lokað. Í beinu framhaldi hafi hann farið aftur niður í herbergið til að gæta að Y, sem þá hafi verið á bak og burt, en föt hennar legið á gólfi herbergisins. Kvaðst ákærði hafa tínt saman fötin og hugsað sér að skila henni þeim. Hafi hann síðan lagst til svefnis í herberginu. Kvaðst hann hafa talið, að allir hefðu verið farnir út úr húsinu, þegar hér var komið, enda hefði fólkíð verið að tínast út á sama tíma og S og M. Tók ákærði fram, að Y hefði aldrei, meðan þau voru þarna í kjallaranum, hrópað eða kallað.

Ákærði tók fram, að á þessum tíma hefði hann og fjölskylda hans ekki búíð í húsinu. Hefði hann verið að innrétta íbúðina og allt verið á rúi og stúi innan húss.

Ákærði kvaðst ekki hafa náð til Y til að afhenda henni fötin. Hann hafi ekki þekkt hana og enginn vírst vita hvar hún væri, en um miðjan dag á mánudeginum, þegar hann var að vinna í húsinu, hafi verið barið á dyrnar og þar hafi verið kominn maður af erlendu þjóðerni, en Y staðið á lengdar við húshornið. Hafi maðurinn sagt á ensku: „Er þetta maðurinn?“ Kvaðst ákærði þá hafa heyrt Y segja: „Ég man það ekki, ég veit það ekki.“ Hafi maðurinn haft í frammi miður sémileg orð við sig, og fram hafi komið í máli hans að hann væri búinn að kæra sig fyrir nauðgun. Maðurinn hafi viljað fá föt Y, en þar sem hann hafi verið með hótanir við sig og í garð fjölskyldu sinnar, hafi hann talið vissara að láta lögregluna hafa fötin. Sama dag og maðurinn hitti hann hafi hann tekið nærbuxur Y og sökkt þeim í málningardós, en tekið þær síðan upp úr henni, sett í dós undan sælgæti og geymt þær í henni. Kvaðst hann ekki hafa aðra skýringu á þessu athæfi sínu en þá, að hann hafi orðið hræddur vegna hótana mannsins og væri sú skýring nærtækust að hann hafi gert þetta í einhvers konar örvilnan. Fyndist sér, eftir á að hyggja, að það hafi verið fáránlegt að gera þetta og óskýranlegt. Tók ákærði fram að Rannsóknarlögregla ríkisins hefði sótt dósina með nærbuxunum að lokinni yfirheyrslu yfir sér að kvöldi 14. apríl 1992, en annan fatnað Y hefði hann afhent rannsóknarlögreglunni fyrir þann dag.

Er ákærði var spurður, hvers vegna hann hefði ekki afhent nærbuxurnar um leið og hin fötin, úr því að hann hefði ætlað að afhenda lögreglunni öll

fötin, bar ákærði, að sér hefði verið kunnugt um, að fyrir lægi kæra á hendur sér fyrir nauðgun, en hann hefði ekki skýringu á reiðum höndum hvers vegna hann hefði ekki tekið þær með sér. Er ákærði var spurður, hvort hann hefði einhverja skýringu á því hvers vegna hann hefði aðeins sökkt nærbuxum Y í málninguna, en ekki öðrum fötum hennar, kvaðst hann hafa verið hræddur við hótanir mannsins. Eftir að hann hafði sökkt nærbuxunum í málninguna hafi hann áttað sig á að þetta var óskynsamlegt, tekið þær úr málningunni, sett í dósina undan sælgætinu og ákveðið að geyma fötin, þar með taldar nærbuxurnar. Tók ákærði fram, að nærbuxurnar hefðu verið heilar, þegar hann afhenti þær. Er ákærði var spurður, hvort þau hefðu settið eða legið við atlotin eftir að Y kom af salerninu bar ákærði að bæði fyrir og eftir hefðu þau legið, og hefði hann legið ofan á Y og þau snúið hvort að öðru. Er ákærði var spurður, hvar Y hefði verið, þegar hann fór upp til að svara bankinu á útidyrarhúðina, bar ákærði, að hún hefði legið áfram á gólfinu, þegar hann yfirgaf herbergið og hafi dyrnar verið opnar. Þá hafi hann ekki orðið var við Y á leið sinni upp stigann að aðaldyrnum. Er ákærði var spurður hvort mennirnir fyrir utan dyrnar hefðu gefið einhverja skýringu á því, hvers vegna þeir hefðu barið að dyrum, kvað ákærði þá ekki hafa gert það. Kvaðst hann telja, að þeir hefðu verið að koma aftur í „partíið“. Er ákærði var spurður, hvort hann hefði reynt að ná til Y á leið sinni til dyra, svaraði hann neitandi. Er ákærði var spurður, hvort Y hefði hlaupið út um þær dyr sem hann opnaði, þ.e. aðalinnganginn, svaraði ákærði neitandi. Hann hafi aldrei orðið var við Y. Er ákærði var spurður, hver tilgangur hans hefði verið með atlotunum, bar ákærði, að hann hefði verið sá að eiga kynmök við konuna. Þá neitaði ákærði því, að konan hefði, meðan á atlotunum stóð, nokkurn tíma verið þeim mótfallin. Sömuleiðis neitaði ákærði að hafa beitt konuna harðræði af einhverju tagi meðan á þeim stóð. Þá kvað hann það af og frá að Y hefði hlotið áverka af sínum völdum. Þá kvað hann Y ekki hafa sýnt sér kynferðislegan áhuga fyrr þessa sömu nótt og hann hafi ekki sýnt Y kynferðislegan áhuga fyrr um nóttina. Þá kvaðst ákærði ekki hafa hlotið neina áverka eftir samskipti sín og Y. Hann kvaðst hafa verið lítillaga undir áfengisáhrifum umrædda nótt. Y hafi einnig verið undir áfengisáhrifum, en þau hafi verið í minna lagi; hún hafi verið með fullri rænu. Þá kvað hann gólfefni herbergisins hafa verið þunnt filtefni og motta þar ofan á og á henni hefðu þau legið.

Niðurstæða.

Ákærði og Y hafa verið stöðug í skýrslum sínum um öll meginatriði málsins, en greinir á um hvort þau hafi haft samfarir á heimili ákærða um-

rædda nótt. Voru þau bæði ölvuð og þekktust ekki. Hefur ákærði staðfastlega neitað að til samfara hafi komið. Hann hefur hins vegar greint frá því að meðan á atlotum þeirra stóð hafi hann legið ofan á kæranda.

Svo sem áður er að vikið kom kærandi ekki til lögreglu fyrr en um eða laust eftir kl. 16 laugardaginn 21. mars og var læknisskoðun framkvæmd um kl. 20 sama dag. Formlega kæru setti kærandi síðan fram þann 13. apríl s.á. og vettvangsrannsókn fór fram tveimur dögum síðar. Skýrsla var tekin af ákærða hjá rannsóknarlögreglu 14. s.m., og afhenti hann þá fatnað þann sem kærandi hafði skilið eftir í húsi hans að frátöldum nærbuxum, sem hann afhenti að aflokinni skýrslutöku. Engrar rannsóknar nýtur við á fatnaði kæranda utan hvað reynt var að rannsaka nærbuxurnar, sem ekki reyndist unnt vegna málningarinnar, en kærandi hefur borið að hún hafi ekkert athugavert séð við fatnaðinn er hún athugaði hann eftir afhendingu. Þá veita vettvangsathuganir engar upplýsingar um hvort átök hafi átt sér stað enda langt um liðið er þær fóru fram.

Ákærði hefur neitað að hafa veitt kæranda nokkra áverka. Lýsing kvensjúkdómalæknisins í læknisvottorði á áverka kæranda og ályktanir hans um aldur áverkanna benda hins vegar sterklega til þess að hún hafi sætt harðræði umrædda nótt. Er ekkert það fram komið í málinu sem bendir til að kærandi hafi hlotið þessa áverka annars staðar.

Vitnin R og F hafa borið, að þeir hafi heyrt neyðaróp, sem komið hafi frá umræddu húsi, og séð, er hún hljóp nakin frá húsinu. Er framburður þeirra um öll meginatriði samhljóða og trúverðugur. Þá hefur vitnið L borið um komu Y klæðlausrar heim til sín umrædda nótt og að hún hafi þá verið í mikilli geðshræringu. Bendir framburður þessara vitna eindregið til að eitt-hvað alvarlegt hafi komið fyrir Y um nóttina. Ákærði hefur neitað að kærandi hafi nokkurn tíma, meðan hún var í herberginu, hrópað eða kallað, og skýrt komu vitnanna F og R að húsi hans með því, að þeir hafi verið að sækjast eftir að komast í gleðskap. Framburður ákærða um þetta er með öllu ómarktækur og ber að hafna honum.

Þegar framanritað er virt og atvik málsins í heild sinni, þykir þrátt fyrir staðfasta neitun ákærða ekki varhugavert að telja sannað að ákærði hafi gerst sekur um þann verknað sem honum er gefinn að sök í ákæru, og þar með orðið sekur um brot gegn 194. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 40/1992.

Af hálfu kæranda hefur verið gerð miskabótakrafa að fjárhæð 1.200.000 krónur auk innheimtuþóknunar, virðisaukaskatts og dráttarvaxta. Krafan var sett fram í bréfi Róberts Árna Hreiðarssonar hdl. til ríkissaksóknara, dagsettu 29. júní 1992. Ákærði hefur mótmælt bótakröfunni og krefst sýknu

af henni. Ber með heimild í 264. gr. almennra hegningarlaga að taka hana til greina og er hún hæfilega ákveðin 500.000 krónur, ásamt vöxtum eins og í dómsorði greinir.

Kærandi naut aðstoðar lögmanns við gerð bótakröfu. Þykir kostnaður vegna þess hæfilega ákveðinn 40.000 krónur, þar með talinn virðisauka-skattur, sbr. 4. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991.

Samkvæmt framansögðu verður ákærði dæmdur til að greiða 540.000 krónur. Skal sú fjárhæð bera vexti svo sem nánar greinir í dómsorði, en ekki verður séð að bótakrafan hafi verið birt ákærða fyrir en við birtingu ákæru þann 19. október sl. Dráttarvaxta er hins vegar krafist frá tjónsdegi.

Viðurlög.

Ákærði hefur ekki sakaferil sem þýðingu hefur fyrir mál þetta. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 18 mánuði.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 70.000 krónur, og málsvarnar- og réttargæslulaun verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 100.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í 18 mánuði.

Ákærði greiði Y 540.000 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr., sbr. 8. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá 19. október 1993 til uppkvaðningar dóms þessa, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 70.000 krónur, og málsvarnar- og réttargæslulaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 100.000 krónur.